



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Reglur fyrir Utandeild KLÍ keppnistímabilið 2006 - 2007

- **Keppnisfyrirkomulag:** Keppnistímabilið er frá október 2006 og fram í apríl 2007 og er keppt einu sinni í mánuði á fimmtudögum og hefst upphitun fyrir keppni kl. 18:30. Keppt er í 3ja manna liðum og er ein viðureign í hverri umferð en leiknar eru 3 umferðir á hverju kvöldi og tekur keppni um 2 klst. Liðunum sem taka þátt í keppninni verður skipt upp í riðla og fer fjöldi riðla eftir fjölda liða sem skrá sig til keppni. Dregið er um hvaða lið leika saman í riðli en leikið er tvisvar sinnum allir við alla. Keilufélagið Keila er framkvæmdaraðili keppinnar og getur skipað mótstjórn Utandeildar. Tveir umsjónarmenn verða á hverju keppniskvöldi.
- **Þátttaka:** Rétt til þátttöku hafa allir sem áhuga hafa og geta myndað 3 manna lið og þurfa liðsmenn ekki að vera skráðir í keilufélag eða keiludeild. Hvert lið skal skipað a.m.k. þremur leikmönnum. Hver leikmaður getur eingöngu spilað með einu liði í utandeild á hverju keppnistímabili.
- **Keppnisreglur:** Reglur eru einfaldar og enginn dómari og er það á ábyrgð fyrirliða hvers liðs að keppni fari heiðarlega fram. Hver umferð er leikin á tveimur brautum og leika liðsmenn til skiptis á hvorri braut. Áður en keppni hefst fá allir leikmenn liðs tvö skot í upphitun á hvorri braut. Hægt er að skipta um alla leikmenn liðs á milli leikja. Frestun viðureigna er ekki heimil, en ef lið mætir til keppni með tvo keppendur eru veitt 100 stig fyrir hvern leik í fjarveruskor (blindskor) fyrir þriðja leikmanninn.
- **Skor og stigagjöf:** Skrá skal niður á skorblað fullt nafn og skor hvers keppanda í hverjum leik og er samanlagt skor þeirra þriggja keppanda liðs, sem keppa í hverjum leik, skor liðsins í leiknum. Veitt eru 2 stig fyrir sigur liðs í hverjum leik umferðar þannig að í hverri viðureign getur lið mest fengið 2 stig. Fyrir jafnt skor í viðureigninni fær hvort lið eitt stig. Þegar viðureigninni er lokið og búið er að fylla skorblaðið út skulu fyrirliðar hvors liðs kvitta undir það og skila til fulltrúa mótanefnar. Að lokinni hverri umferð eru tekin sama stig liða, skor liðs og skor keppanda og reiknað út meðaltal liðs og meðaltal keppanda. Úrslit, staða og uppfærð forgjöf er birt á heimasíðu KLÍ. Að lokinni riðlakeppni komast 2 stigahæstu liðin úr hverjum riðli í úrslitakeppni. Ef tvö eða fleiri lið eru jöfn að stigum fer röðin eftir herra heildarskori liðs með forgjöf. Leikin er einföld umferð allir við alla og telst það lið sigurvegari sem efst er að stigum eftir þá umferð. Ef tvö lið eru jöfn skal það lið teljast ofar sem er hærra að skori með forgjöf. Ef enn er jafnt skal leikinn bráðabani 9 og 10 rammi uns úrslit fást. Veitt eru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í deildinni og hlýtur sigurvegarinn auk þess veglegan farandgrip til varðveislu í eitt ár. Auk þessa eru veitt margvísleg liða- og einstaklingsverðlaun.
- **Forgjöf:** Leikið er með forgjöf sem leggst við skor keppanda í hverjum leik. Forgjöfin er 100% af mismun á meðaltali keppanda og 200, en hámarksforgjöf er þó 80 pinnar. Meðaltal og forgjöf skulu uppreiknuð eftir hvert keppniskvöld. Til ákvörðunar á forgjöf í fyrstu umferð keppanda er notað meðaltal úr utandeildinni á síðasta tímabili. Ef keppandi hefur ekki keppt í utandeildinni áður skal notað allsherjar meðaltal KLÍ, en ef keppandi hefur ekki skráð meðaltal skal miðað við 120 í meðaltal við ákvörðun forgjafar.
- **Þátttökugjald og brautarleiga:** Þátttökugjald í utandeildinni er kr. 10.000 fyrir hvert lið ef greitt er fyrir fyrsta keppniskvöld, en eftir það hækkar gjaldið í kr. 12.000. Brautarleiga til Keilusalans er kr. 3.900 fyrir liðið hvert keppniskvöld.

Reykjavík 18. september 2006

Stjórn Keilusambands Íslands